

Stjörnugrís hf
Saltvík 1
162 Reykjavík

28. janúar 2026
UOS2501518/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 17. desember 2025 – ID 407

Þann 17. desember sl. fór fram reglubundið eftirlit í Stjörnugrís að Melum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjögur eldri frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 4.6.1. samkvæmt BAT niðurstöðum fyrir þéttbætt eldi alifugla eða svína. Til þess að skorpan hafi þau áhrif sem hún á að gera til að takamarka ammóníakslosun þá verður hún að vera þykk og það má ekki hreyfa við henni. Rekstraraðili fyllir inn á mykjutankinn að ofan sem veldur gati á skorpunni.
2. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili er skylt að sinna viðhaldi á mannvirkjum og búnaði. Tankur fyrir blauthluta svínamykjunnar er ryðgaður og hætta á að hann gefi sig.
3. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn BAT niðurstöðum fyrir köfnunarefni og fosfór fyrir árið 2023.
4. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn BAT niðurstöðum fyrir ammóníak fyrir árið 2023.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila var bent á að uppfæra áætlanir.

Tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Árlega skal mæla losun köfnunarefnis og fosfór úr húsdýraáburði skv. BAT niðurstöðum. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn BAT niðurstöðum fyrir köfnunarefni, fosfór árið 2024.
2. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Árlega skal mæla losun ammóníak við eldishús samkvæmt BAT niðurstöðum. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn BAT niðurstöðum fyrir ammóníak fyrir árið 2024.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 19. febrúar 2026.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits